

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ennfremur skal semja ársskýrslu. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

Fyrir 1. júní hvert ár skal stjórnin afhenda iðnaðarráðherra ársskýrslu sjóðsins ásamt eintaki af ársreikningi hans, árituðum af endurskoðanda sjóðsins.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 80/1966, sbr. 2. gr. laga nr. 17/1995, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn sjóðsins sem skipuð var 25. maí 1993 skal sitja til 30. júní 1996.

Iðnaðarráðuneytið, 29. mars 1995.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Ásgeir Einarsson.

AUGLÝSING**um gjöld vegna námskeiðs til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu.**

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar um próf til að öðlast löggildingu til fasteigna- og skipasölu nr. 519/1987 eru gjöld vegna námskeiðs sem halda á fyrri árshelming 1995 ákveðin þessi:

Innritunargjald	kr. 10.000
Kennslugjald I. námskeiðshluta (innritunar- og prófgjald innifalið)	kr. 95.000
Prófgjald I. námskeiðshluta (fyrir þá sem ekki sitja námskeið)	kr. 20.000

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. mars 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.